

Göngustígur í Öskjuhlíð

Fornleifaskrá

Anna Lía Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2020

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 205



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Göngustígur í Öskjuhlíð

Fornleifaskrá

Anna Lísu Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2020

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 205



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Líska Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu:

Skotbyrgi 5-169 í Öskjuhlíð. Ljósmyndari: Margrét Björk Manúsdóttir

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 205

Reykjavík 2020

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1 Saga svæðisins.....	3
1.1 Grjótnám í Öskjuhlíð.....	3
1.2 Eldri byggð í Öskjuhlíð	5
1.2 Herinn við Öskjuhlíð	6
2 Almennt um verndun menningarminja.....	7
3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja.....	9
4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar.....	10
3.1.1 Fornleifaskrá fyrir norðurhlíð Öskjuhlíðar	11
3.1.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar	19
Heimildir	20
Viðauki	22

Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á svæði sem er skilgreint sem úttektarsvæði, 15 m beggja vegna frá áætlaðri miðju stígs sem er áætlaður í norðvesturhlíð Öskjuhlíðar, sjá afmörkun á mynd 1.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar og fylgja þær ákvæðum um skráningu menningarminja sem er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.¹

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðhättum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati.

Október 2020
María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹ Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

1 Saga svæðisins

Hér fer á eftir umfjöllun um svæði í Öskjuhlíð sem er skilgreint sem úttektarsvæði, 15 m beggja vegna frá áætlaðri miðju stígs sem er áætlaður í norðvesturhlíð Öskjuhlíðar, sjá mynd 1. Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Það landsvæði sem er skilgreint sem framkvæmdarsvæði stígs í Öskjuhlíð tilheyrði áður bújörðinni Reykjavík.

Svæðinu hallar á móti norðri, þar er stór grágrýtisurð. Svæðið er nú allt skógi vaxið og erfitt yfirferðar og því gætu leynst þar fleiri herminjar, eins og skotgrafir og fleira, sjá myndir 4 og 7.



Mynd 1. Afmörkun úttektarsvæðis með svartri brotalínu.²

1.1 Grjótnám í Öskjuhlíð

Grjótnám í Öskjuhlíð var hafið þegar á 19. öld. Þá unnu steinsmiðir við að höggva til hleðslugrjót með handverkfærum sínum og seldu grjótið til húsagerðar.³ Í lestrarsal Landsbókasafnsins, sem reist var árið 1909, er meðal annars að finna fagrar súlur úr íslensku grágrýti sem höggvar voru til úr efni sem sótt var í Öskjuhlíðina. Talið er að steinsmiðirnir Guðni Hreiðar Þorkelsson og Guðni Einarsson eigi heiðurinn af gerð þeirra.⁴

² Kort af Reykjavík 2020 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

³ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson. *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 31.

⁴ *Safnhúsið 1909-2009*, bls. 31. Ritstj. Eggert Þór Bernharðsson.

Árið 1913 var hafin vinna við gerð Reykjavíkurhafnar og hófst þá stórfellt grjótnám undir norðurtagli Öskjuhlíðarinnar. Til að flytja grjótið og mölina sem þurfti til við hafnargerðina var lögð 12 kílómetra löng járnbraut í hálfhring um bæinn. Með járnbrautinni var hægt að fara samtals 25 ferðir á dag með efni, en vagnar í hverri lest voru 17–22 að tölu. Grjótið var sprengt úr grágrýtisklettunum og var upphaflega notast við handbora til að koma sprengiefninu fyrir. Síðar var tekin í notkun gufuknúin loftþjappa og tveir þrýstiloftsborar. Stórvirk vinnutæki voru fengin til landsins, meðal annars tveir gufuknúnir lyftikranar, Mjólnir og María, notaðir við að hlaða járnbrautarvagnana, og gufuknúin ámokstursvél til að moka mölinni.⁵

Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar fór fram stórfelldasta grjótnámið í Öskjuhlíðinni. Þar sem mest var tekið myndaðist geil í hlíðina, þar sem Flugvallarvegur 3-3A stendur nú. Grjótið var mulið og notað sem undirburður í flugbrautirnar í Vatnsmýrinni. Snæbjörn Pálsson verkamaður lýsti grjótnáminu: „Stærð geilarinnar vitnar um hve mikil framkvæmd flugvallargerðin var. ... Fyrst var sprengt úr berginu. Síðan stóðu menn með sleggjur við að mylja grjótið í vélarnar. Hnullungarnir voru stundum hnöttóttir og illir viðureignar. Allt efni var keyrt í vögnum á spori.“⁶



Mynd 2. Lega járnbrautarinnar frá tíma hafnargerðarinnar sett á kortagrunn frá 2013, rauða línan sýnir leið járnbrautanna.⁷



Mynd 3. Hér má sjá gufukrana lyfta upp grjóti í Öskjuhlíðinni um 1913.⁸

⁵ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar*. Fyrri hluti, bls. 324 – Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 31.

⁶ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, bls. 38.

⁷ Samsett mynd úr grunni LUKR og korti úr Járnbrautin í Reykjavík: *Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi*, Árbæjarsafn 1982. Kortagerð ALG.


⁸ Þjóðminjasafn Íslands. Lpr-3199. Ljósmyndari ókunnur.



Mynd 4. Séð yfir skráningarsvæðið árið 1946. Vestast er geilín (5-162), grjótnám eftir herinn þar sem síðar reis húsið Flugvallarvegur 3-3A. Uppi á norðurbakkanum má sjá sprengiskýlin (5-244 og 5-166), hvít. Aðeins fyrir ofan miðju til hægri sést rúst (5-688). Þvert yfir myndina er svo vegur (5-243), sem liggur frá dæluhúsinu að námunni. Braggar við Flugvallarveg, efst á myndinni, eru síðan reistir í gömlu námunni frá hafnargerðinni.⁹

1.2 Eldri byggð í Öskjuhlíð

Vitað er að í Öskjuhlíð voru áður fyrr beitolönd Víkur og Skildinganes, en auk þess var þar Víkursel.¹⁰ Ekki er vitað til að á úttektarsvæðinu séu eldri minjar en þær sem merktar eru á elsta kortið af svæðinu frá 1930-1933¹¹. Inn á það eru merkt nokkur mannvirki. Efst á kortinu eru gömlu grjótnámurnar (5-152) sem eru í norðvestanverðri Öskjuhlíð. Járnbautarteinarnir (5-679) liggja svo norðaustur – suðvestur fyrir neðan klettavegginn. Á kortið eru auk þess merkt inn nokkur hús sem þá voru uppistandandi (5-683 og 5-684), auk vegar (tvöföld brotalína) frá Hafnarfjarðarvegi að Beneventum sem var vestan í hlíðinni.



Mynd 5. Hluti úr korti frá árinu 1932-33 sem sýnir Öskjuhlíð.¹²

⁹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-44, ljósmyndari Sigurhans Vignir, 6. mars 1946.

¹⁰ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla, bls. 262.

¹¹ Kort Bolla Thoroddsen af Reykjavík 1932-1933, afrit, Kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.


¹² Kort Bolla Thoroddsen af Reykjavík 1932-1933, afrit, Kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

1.2 Herinn við Öskjuhlíð

Reykjavík var hernuminn þann 10. maí 1940 af bresku herliði. Breski herinn hóf að gera herflugvöll við Reykjavík í fyrri hluta október árið 1940. Þeir fundu flugvöllinum stað vestan Öskjuhlíðar þar sem flugvelli Reykjavíkur var áður ætlaður staður.¹³

Vinna við gerð vallarins hófst í fyrri hluta október 1940 og var fram haldið næsta vor. Fjöldi Íslendinga vann við flugvallargerðina, auk hermanna. Byrjað var á miðjunni á þeim stað þar sem Íslendingar höfðu byrjað að gera flugvöll. Fyrst var „... grafin burt mold og aur og fyllt síðan upp með grjóti sem sótt var í Öskjuhlíðina. Ofan á þetta var jafnað rauðamöl sem tekin var úr Rauðhólunum austan Reykjavíkur. ... Síðan var rauðamölin völtuð og ofan á hana kom þykkt lag steinsteypu og ekkert til sparað. ... Steypt voru breið svæði í beinum línunum ýmist norður/suður eða austur/vestur.“¹⁴

Flugvöllurinn var formlega opnaður þann 4. júní 1941. Auk flugvallarins reis á stríðsárunum fjöldinn allur af mannvirkjum á svæðinu. Stór hluti þeirra er nú (2020) horfinn en þó má enn finna leifar mannvirkja eins og stjórnbyrgi, skotgrafir, loftvarnarbyrgi, varnarveggi fyrir eldsneytistanka, neðanjarðarvatnstanka, bryggjur, vegi, fjölda gólfa og grunna undan bröggum og öðrum byggingum, akstursbrautir fyrir flugvélar o.s.frv.



Mynd 6. Kort af Öskjuhlíð og Reykjavíkflugvelli árið 1944-45, gert af breska flughernum.¹⁵

Þá risu á flugvallarsvæðinu um 500 braggar og var braggabyggðin einna þéttust vestan í Öskjuhlíðinni og út með Fossvoginum. Nokkrir braggar standa enn vestan við rætur Öskjuhlíðar og einn við gamla flugturninn. Nú (2020) hefur nær allt lauslegt frá

¹³ Eggert Norðdahl: *Flugsaga Íslands*, bls. 125.

¹⁴ Eggert Norðdahl: *Flugsaga Íslands*, bls. 161.

¹⁵ Kort af Reykjavíkflugvelli, 1944-45. Royal Air Force. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

stríðsárunum verið fjarlæggt eða orðið ryði að bráð. Á það einnig við um gaddavírsgirðingar og sandpokavígi.



Mynd 7. Svæðið úr lofti árið 1942. Hægra megin við braggana við Flugvallarveg 1 má greina strik sem gæti verið leiðsla sem hefur hvílt á undirstöðum (5-685 og 5-686). Ef rýnt er í myndina má auk þess greina sprengiskýlin sem eru á námubrúnninni (5-166 og 5-244).¹⁶

2 Almenn um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.¹⁷

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirlýð þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta

¹⁶ Landmælingar Íslands: Hluti úr þýskri njósna mynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.

¹⁷ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og óskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almenn er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2020) eru um 3.700 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðabók Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðast nefndu.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2415**.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla hvaða hlutverk minjar hafa haft yfirleitt út frá staðsetningu og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.¹⁸

Minjar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1. Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

¹⁸ Vefur Borgarvefsjái. Vefslóð: <http://borgarvefsja.is>.

Fornleifar innan og rétt við úttektarsvæðið voru skráðar og mældar upp með Trimble staðsetningartæki (þ.e.a.s. minjar á áhrifasvæði framkvæmdanna). Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja fyrir svæði sem er skilgreint sem úttektarsvæði, 15 m beggja vegna frá áætlaðri miðju stígs sem er áætlaður í norðvesturhlíð Öskjuhlíðar, sjá afmörkun á mynd 1.

Fornleifaskráningin sem nú hefur verið gerð byggir að hluta til á eldri skráningu sem miðaðist við deiliskipulagsstig og þjóðminjalög síns tíma. Skráningin hefur nú verið endurskoðuð og tekur mið af nágildandi lögum um menningarminjar 80/2012 og þeim reglum sem gilda um skráningu fornleifa og skil á gögnum til Minjastofnunar Íslands.¹⁹ Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið 2415




Mynd 8. Afmörkun úttektarsvæðis með svartri brotalínu.²⁰

¹⁹ Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013 – Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands, 2013.

²⁰ Kort af Reykjavík 2020 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Vettvangsrannsókn fór fram á vettvangi 12. maí og aftur 23. september og fólst í því að gengið var skipulega um svæðið og leitað markvisst að minjum. Þegar þær fundust voru þær skráðar og mældar upp með Trimble-staðsetningartæki. Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir sáu um vettvangsrannsóknina, úrvinnslu og skýrslugerð. Ljósmyndir, kort og teikningar í skýrslunni eru eftir þær, nema annars sé getið. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap. Upplýsingum úr þessari fornleifaskrá hefur verið skilað til Minjastofnunar samkvæmt stöðlum og leiðbeiningum stofnunarinnar.²¹ Skráningin er að hluta til byggð á eldri skráningum fyrir svæðið, en áður hafa minjar verið skráðar á þessu svæði og birtist sú skráning í byggðakönnun frá árinu 2013 um Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð, skýrslu 161.²² Auk skráningar á náttúru- og söguminjum í Öskjuhlíð, sem unnin var í tengslum við deiliskipulagsgerð Öskjuhlíðar 1993,²³ saga svæðisins að mestu tekin úr skýrslu 161 en hefur verið endurskoðuð út frá svæðinu sem hér er til umfjöllunar.

3.1.1 Fornleifaskrá fyrir norðurhlíð Öskjuhlíðar



Mynd 9. Á kortinu má sjá fyrirhugaða legu á göngustíg, og skráðar minjar í norðurhlíð Öskjuhlíðar..²⁴

²¹ Oddgeir Isaksen: *Skil á fornleifaskráningargögnum - Landupplýsingar gögn: punktaskrár, línu og flákagögn*, 2016.

²² Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri - Seljamýri - Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 161. Reykjavík 2013.

²³ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð - Náttúra og saga*, 1993.

²⁴ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/>

Reykjavík 5-152 Náma

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-152		Náma	Náma	1913	357755	406517	400	50	Gott	Nei

Staðhættir: Í vestanverðri Öskjuhlíð þar sem nú er Flugvallarvegur. Öll húsin sem eru byggð suðaustan við veginn eru í gömlu námunni.²⁵ Stórfellt grjótnám hófst í Öskjuhlíð í tengslum við hafnargerð í Reykjavík árið 1913. Grjótið var sprengt úr grágrýtisklettum undir norðurtagli hlíðarinnar og flutt með járnbrautarlest niður í Reykjavíkurhöfn til uppfyllingar. Upphaflega var notast við handbora til að koma sprengiefninu fyrir, en seinna var tekin í notkun gufuknúin loftþjappa og tveir þrýstiloftsborar. Tveir gufuknúin lyftikranar, Mjólnir og María, voru notaðir við að hlaða á járnbrautarvagnana. Lágu teinarnir meðfram norðurhlíðinni, á svipuðum slóðum og Flugvallarvegur er nú. Grjótnám þetta skildi eftir sig allmikinn klettastall.²⁶

Lýsing: Bergstálið er enn greinilegt suðaustan við húsaröðina við Flugvallarveg, um 400 m langt og sumstaðar 10 m hátt. Ekki er ljóst hvað náman náði langt í vestur og austur.



Mynd 10. Horft með námuveggnum austast við Flugvallarveg, braggar (5-172) eru byggðir á námubotninum.



Mynd 11. Námuveggurinn (5-152), horft í austur.

Reykjavík 5-162 Náma

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-162		Náma	Náma	1941	357681	406406	100	80	Ómetið	Nei

Staðhættir: Geil myndaðist í hlíðina þar sem mesta grjótnámið fór fram á stríðsárunum.²⁷ Þar er nú húsið Flugvallarvegur 3-3A. Náman er aðeins ofar í hlíðinni en gamla náman (5-152) sem var notuð við hafnagerðina.

Lýsing: Náman hefur verið um 50 m breið og 100 m á lengd, en húsið fyllir upp í geilina sem er sýðst.

²⁵ Sjá kort Bolla Thoroddsen frá árinu 1933. Öskjuhlíð 1116004. Sótt 23.9.2020 af vef Skjalasafns Reykjavíkur <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/>

²⁶ Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Ellíðaárdalur. Land og saga*, bls. 31.

²⁷ Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Ellíðaárdalur. Land og saga*, bls. 38.



Mynd 12. Þakið á Flugvallarvegi 3-3A malarbórið. Húsið er inni í geilinni sem áður var náma.



Mynd 13. Húsið í námunni, (5-162), horft í norður.

Reykjavík 5-166 Sprengiskýli

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-166		Sprengiskýli	Rúst	1941	357679	406435	6	6	Ómetið	Nei

Staðhættir: Þrjú sprengiskýli liggja við göngustíg á námubrúninni að norðanverðu, sem myndaðist við grjótnámið vegna flugvallargerðarinnar á stríðsárunum. Neðsta sprengiskýlið er stakt (5-244) en 14 m ofar í brekkunni eru tvö sambyggð skýli (5-166). Helgi M. Sigurðsson skráði neðsta skýlið árið 1991 eftir upplýsingum frá Snæbirni Pálssyni sem hafði unnið á Reykjavíkurflogvelli í 50 ár. Þá sett í varðveisluflokk A.

„Jarðhýsi er skammt austan við grjótnámið. Var það öryggisbyrgi fyrir verkamann og aðra meðan sprengt var í námunum eða ef loftárás yrði gerð. Slík byrgi voru víða á svæðinu og flest hugsuð sem vörn gegn loftárásum. En Þjóðverjar létu ekki eina einustu sprengju falla á flugvöllinn. Langflest jarðhýsin eru nú horfin. Jarðhýsin voru lengi eftir stríð notuð af Íslendingum sem kartöflugeymslur. Jarðhýsi þetta er hlaðið upp úr bensínbrúsum, sem nú eru farnir að ryðga verulega. Þakinu er haldið uppi með *járnbrautarteinum* eða einhverjum öðrum járnstöngum. Hætta er á að húsið hrynji saman eftir ekki mörg ár. Æskilegt væri að varðveita það en vegna byggingarefnis er erfitt að sjá hvernig það getur orðið. Helsti möguleikinn er e.t.v. að fylla það með mól.“²⁸



Mynd 14. Sprengiskýli (5-166). Þakið fallið niður, horft í norðvestur.



Mynd 15. Horft í norðaustur yfir sprengiskýli (5-166).

²⁸ Helgi M. Sigurðsson: *Sögulegar minjar í Öskjuhlíð og Vatnsmýri, úttekt ásamt tillögum um verndun og lagfæringar*, Árbæjarsafn 1991, bls. 16.

Á ljósmynd sem fylgir skráningunni sést að þakið hangir ennþá uppi, en hefur nú (2020) fallið niður.

Lýsing: Sambyggðu jarðhýsin eru grasi- og lúpínuvaxin og trjágróður er að skjóta sér upp við þau. Þakið er fallið í tóftina. Dyr hafa verið í norðaustur.

Reykjavík 5-169 Skotbyrgi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-169		Skotbyrgi	Skotbyrgi	1944	357697	406364	4	3	Gott	Nei



Mynd 16. Skotbyrgi (5-169), horft í suðaustur að skotraufinni.



Mynd 17. Skotbyrgi (5-169), horft í norðvestur að inngangi.

Staðhættir: Um 20 m suðaustur af Flugvallavegi 3-3A og 45 m norðaustur af loftvarnarbyrgi/stjórnstöð (5-167).

Lýsing: Byrgið er steiptur kassi um 5x3 m með mjórri skotrauf. Við innganginn er steiptur hleri. Steiptar tröppur eru niður í byrgið. Líklega hafa þessi byrgi öll verið hulin með torfi, því þau sjást mjög illa á gömlum loftmyndum.

Reykjavík 5-196 Howitzer Hill

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-196	Howitzer Hill	Örnefni	Heimild	1940	357705	406341			Ómetið	

Staðhættir: Vestan við hitaveitugeymana í Öskjuhlíð var Howitzer Hill, eða Fallbyssuhæð, sem er örnefni á korti frá hernum²⁹. Ekki er alveg ljóst hvar fallbyssunnar vor, en á svæðinu eru tvö skotbyrgi (5-168 og 5-169) og byrgi sem talið er að hafi verið stjórnstöð (5-167).

²⁹ Landmælingar Íslands: AMS C861, útgáfuár 1943.



Mynd 18. Hluti úr korti frá Bandaríska hernum.³⁰ Þar má sjá örnefnið Howitzer Hill þar sem Öskjuhlíð er.

Reykjavík 5-243 Vegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-243		Vegur	Vegur	1920	357741	406427	120	3	Gott	Nei

Staðhættir: Vegur í Öskjuhlíð, merktur inn á kort frá 1930.³¹ Þá náði hann frá Hafnarfjarðarvegi (nú bensínstöð við Bústaðaveg) og lá í sveig eftir hlíðinni að þar sem nú er Flugvallarvegur 3-3A (5-162). Þaðan lá hann áður áfram suður þar sem síðar var sprengt fyrir eldsneytisgeymum (5-163). Ekki er vitað til hvers þessi vegur var lagður, en hann endar ekki langt frá þeim stað þar sem Beneventum (5-157) var áður fyrir.

Lýsing: Vegurinn hefur verið malarborinn að hluta og má sjá kanthleðslur á kafla næst Flugvallarvegi 3-3A.



Mynd 19. Vegur (5-243), horft í austur.



Mynd 20. Einföld grjóthleðsla í norðurkanti á vegi.

Reykjavík 5-244 Sprengiskýli

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-244		Sprengiskýli	Tóft	1940	357655	406449	7	6	Gott	Nei

Staðhættir: Þrjú sprengiskýli liggja við göngustíg á brúninni að norðanverðu við geilina sem myndaðist við grjótnámið þar sem nú er Flugvallarvegur 3-3a. Neðsta sprengiskýlið er stakt (5-244) en 14 m ofar í brekkunni eru tvö sambyggð skýli (5-166). Helgi M. Sigurðsson skráði skýlið

³⁰ Landmælingar Íslands: AMS C861, útgáfuár 1943.

³¹ Sjá kort Bolla Thoroddsen frá árinu 1930-1933. Öskjuhlíð 1116004. Sótt 23.9.2020 af vef Skjalasafns Reykjavíkur <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/>

árið 1991 eftir upplýsingum frá Snæbirni Pálssyni sem hafði unnið á Reykjavíkurflugvelli í 50 ár. Þá sett í varðveisluflokk A.

„Jarðhýsi er skammt austan við grjótnámið. Var það öryggisbyrgi fyrir verkamann og aðra meðan sprengt var í námunum eða ef loftárás yrði gerð. Slík byrgi voru víða á svæðinu og flest hugsuð sem vörn gegn loftárásum. En Þjóðverjar létu ekki eina einustu sprengju falla á flugvöllinn. Langflest jarðhýsin eru nú horfin. Jarðhýsin voru lengi eftir stríð notuð af Íslendingum sem kartöflugeymslur. Jarðhýsi þetta er hlaðið upp úr bensínbrúsum, sem nú eru farnir að ryðga verulega. Þakinu er haldið uppi með *járnbrautarteinum* eða einhverjum öðrum járnstöngum. Hætta er á að hýsið hrynji saman eftir ekki mörg ár. Æskilegt væri að varðveita það en vegna byggingarefnis er erfitt að sjá hvernig það getur orðið. Helsti möguleikinn er e.t.v. að fylla það með möl.“³²

Lýsing: Sprengiskýlið er grasivaxið en lúpína er á góðri leið með að yfirtaka gróður á því. Þakið hefur fallið niður í töftina (var uppistandandi árið 1991). Inngangur er vel greinilegur ennþá og eru grjóthleðslur við dyr norðaustanmegin. Þar má sjá járnplötu, steypustyrktarjárn og líklega járnbrautartein.



Mynd 21. Jarðhýsi (5-244). Þakið fallið niður.



Mynd 22. Við innganginn er grjót, steypa og járn.

Reykjavík 5-679 Járnbrautarteinar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-679		Járnbrautar- teinar	Heimild	1913	357798	406560	185	2	Ómetið	Já

Staðhættir: Stórfellt grjótnám hófst í Öskjuhlíð í tengslum við hafnargerð í Reykjavík árið 1913. Grjótið var sprengt úr grágrýtisklettum undir norðurtagli hlíðarinnar og flutt með járnbrautarlest niður í Reykjavíkurhöfn til uppfyllingar. Járnbrautarteinar lágu frá námunni sunnan við Haukaland yfir Vatnsmýrina, þar sem nú er Reykjavíkurflugvöllur, yfir Melana og út á Granda. Þessi leið var kölluð „leiðin út á Granda“.³³ Leiðin er afmörkuð á korti frá árinu 1933.³⁴ Sjá staðsetningu á mynd 5.

Lýsing: Öll merki um teinana eru horfin.

³² Helgi M. Sigurðsson: *Sögulegar minjar í Öskjuhlíð og Vatnsmýri, úttekt ásamt tillögum um verndun og lagfæringar*, Árbæjarsafn 1991, bls. 16.

³³ Þorleifur Þorleifsson, „Járnbrautin í Reykjavík“, *Sagnir* 11. árgangur 1973, bls. 127-128.

³⁴ Kort Bolla Thoroddsen af Reykjavík 1932-1933, Afrit, Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Reykjavík 5-683 Útihús

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-683		Útihús	Rúst	1925	357743	406471	6	5	Sæmilegt	Nei



Mynd 23. Rúst (5-683), horft í norður.



Mynd 24. Rúst (5-683), horft í suður.

Staðhættir: Um 45 m suður af bröggum sem eru á lóðinni Flugvallarvegur 1. Húsið var teiknað sem torfhús á kort frá árinu 1933.³⁵ Þessi minjastaður hefur ekki verið skráður áður.

Lýsing: Grjóthlaðin rúst, U laga og liggur í norðvestur – suðaustur. Dyr hafa verið norðvestanmegin. Veggir standa nokkuð vel, en að hluta hafa þeir hrunið inn í rústina, aðallega við innganginn. Rústin er mosavaxin og trjágróður vex á henni og fast við hana.

Reykjavík 5-684 Hús

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-684		Hús	Heimild	1930- 1933	357699	406491	12	4	Ómetið	Já

Staðhættir: Í brekkunni 20 m suðvestur af bröggum við Flugvallarveg 1 var timburhús merkt inn á kort frá árinu 1930. Húsið hefur hugsanlega tilheyrt námuvinnslunni.

Lýsing: Húsið var um 4x12 m, en lítið sést af því. Þó má enn greina útlínur af grunni hússins á gróðri. Svæðið er skógi vaxið.



Mynd 25. Grunnur (5-684), horft til vesturs.



Mynd 26. Grunnur (5-684), horft til austurs.

³⁵ Kort Bolla Thoroddsen af Reykjavík 1932-1933, afrit, Kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Reykjavík 5-685 Undirstaða

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-685		Undirstaða	Steinhleðsla	1940	357745	406499	1	1,2	Gott	Nei



Mynd 27. Undirstaða (5-685).



Mynd 28. Undirstaða (5-685).

Staðhættir: Undirstaðan er í skógi um 22 m suðvestan við bragga við Flugvallarveg 1.

Lýsing: Undirstaðan er grjóthlaðin, grunnur hennar er um 1x1,2 m og hæð 1,2 m. Umförin eru 4-5, undirstaðan minnkar eftir fyrsta umfarið en mjókkar síðan upp. Stærð steina er frá 10x10 cm upp í 30x30 cm, steinar eru límdir saman með steypu. Undirstaðan er mosavaxin. Líklega er þetta undirstaða undan röri sem hefur legið með hlíðinni í áttina að námunni (5-16) og sést á mynd 7.

Reykjavík 5-686 Undirstaða

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-686		Undirstaða	Steinhleðsla	1940	357721	406492	1	1,2	Gott	Nei

Staðhættir: Undirstaðan er í skógi um 22 m suðvestan við bragga við Flugvallarveg 1.

Lýsing: Undirstaðan er grjóthlaðin, grunnur hennar er um 1x1,2 m og hæð 1,2 m. Umförin eru 4 og mjókkar upp, stærð steina frá 10x10 cm upp í 30x30 cm, grjótið er límt saman með steypu. Líklega er þetta undirstaða undan röri sem hefur legið með hlíðinni í áttina að námuni (5-16) og sést á mynd 7.



Mynd 29. Undirstaða (5-686).



Mynd 30. Undirstaða (5-686).

Reykjavík 5-688 Skotgröf

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-688		Skotgröf	Hola	1940	357747	406484	8	4	Gott	Nei



Mynd 31. Skotgröf (5-688).



Mynd 32. Skotgröf (5-688).

Staðhættir: Skotgröfin er um 6 m fyrir norðan rúst (5-683) og 34 m sunnan við bragga (5-172). Svæðið er skógivaxið.

Lýsing: Skotgröfin liggur utan í klettavegg. Grafið hefur verið upp með klettinum og byggður bogalaga garður úr stóru grjóti, dýpt um 1 m, lengd um 7m og mesta breidd 4 m.

3.1.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Á framkvæmdasvæðinu eru skráðir 11 minjastaðir undir jörðina Reykjavík. Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og heimildum. Elst er náman (5-152), klettabrúnnin sunnan við bragga (5-172). Þetta eru ummerki eftir að grjót var tekið úr Öskjuhlíð vegna hafnargerðarinnar (1913-17). Yngri minjar frá tímabilinu 1921-1930 eru þrjár og allar sjáanlegar. Þessir staðir eru allir merktir inn á kort frá árinu 1930. Eitt timburhús (5-684), ekki var vitað hvað var í því húsi, en gæti hafa tengst eldri námunni. Ofar í brekkunni var torfhús sem nú er steinhlaðin, mosavaxin rúst (5-683), líklega útihús. Aðeins sunnar í brekkunni liggur vegur (5-243). Sá vegur er einn af elstu slóðum sem hafa legið um Öskjuhlíð, líklega að Beneventum (5-157) sem var samkomustaður vestan í hlíðinni. Aðrar yngri minjar eru herminjar. Fyrirhuguð lega gangstígsins kemur til með að raska sprengiskýli (5-244), og fara yfir grjóthlaðnar undirstöður (5-686 og 5-685). **Lagt er til að stígnum verið hnikað til við Flugvallarveg 3-3A og rúst sprengiskýlis (5-244) verði ekki raskað. Ekki er ljós hvort að hægt sé að vernda steinhlöðnu undirstöðurnar, en skoða má hvort það sé hægt að flytja þær upp að vegbrúninni að sunnan við stíginn. Aðrar herminjar ættu ekki að vera í hættu við þessa framkvæmd. Gerðar eru kröfur um að öllum öðrum minjum sem ekki eru beint í vegstæðinu verði hlífð við skemmdum meðan á framkvæmdum stendur.**

Áður hefur verið lagt til að herminjar sem eru í Öskjuhlíð, við Flugvallarveg, við Nauthólsvík, með Nauthólsvíkurvegi og á Reykjavíkflugvelli, verði verndaðar

sérstaklega og tekið verði tillit til þeirra í skipulagi og við framkvæmdir og á það líka við um þessar.³⁶

Tafla 2. Aldursflokkun minja.

Flokkur	Tegund minja	Litur flokks	Fjöldi skráðra minja
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður	1
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur	3
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn	0
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	7

Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.

Heimildir

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir / Skjöl

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).

Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.

Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.

Kortasafn.

Ýmis kort og uppdrættir.

Skjalasafn um fornleifar.

Rafræn gögn.

Ljósmyndir teknar við vettvangskonun.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ljósmyndir úr safneign.

Minjastofnun Íslands:

Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands, 2013. Sótt 30.09.2019 af

http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Landmælingar Íslands:

Þýsk njósnamynd GX 12501 IS87/41SD, 15.10.1942.

Kortasafn. AMS C861, útgáfuár1943.

Prentaðar / Útgefnar heimildir

Anna Lís Guðmundsdóttir: Fornleifaskráning lóðar Háskóla Reykjavíkur. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 130. Reykjavík 2013.

Árni Magnússon og Páll Vídalín: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, II. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. 2. útg. [ljósprentun]. Hið íslenska fræðafélag. Kaupmannahöfn 1982.

Eggert Norðdahl: Flugsaga Íslands 1919-1945. Reykjavík, 1991.

³⁶ Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri - Seljamýri - Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, bls. 71.

Guðjón Friðriksson: Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940. Fyrri hluti. Reykjavík 1991.

Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: Vatnsmýri - Seljamýri - Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 161. Reykjavík 2013.

Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: Öskjuhlíð - Náttúra og saga. Árbæjarsafn og Borgarskipulag. Reykjavík, 1993.

Helgi M. Sigurðsson: Sögulegar minjar í Öskjuhlíð og Vatnsmýri, úttekt ásamt tillögum um verndun og lagfæringar, Árbæjarsafn 1991, Skýrsla 8.

Járnbrautin í Reykjavík: Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi, Árbæjarsafn 1982.

Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Lög um menningarminjar“. Sótt 6.9.2020.

Oddgeir Isaksen: *Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 1. Reykjavík 2013. Sjá vef Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarrit

Þorleifur Þorleifsson, „Járnbrautin í Reykjavík“, Sagnir 11. árgangur 1973.

Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn: <http://sarpur.is/>

Teikningavefur Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/> → Söfn: Skipulagsuppdrættir. Aðaluppdrættir.

Vefur alþingis: <http://www.althingi.is/>.

Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur: <http://borgarsogusafn.is/> → Útgáfa → Skýrslur


Vefur Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/>.

Viðauki

Minjatafla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-152		Náma	Náma	1913	357755	406517	400	50	Gott	Nei
5-162		Náma	Náma	1941	357681	406406	100	80	Ómetið	Nei
5-166		Sprengiskýli	Jarðhýsi	1941	357679	406435	6	6	Ómetið	Nei
5-169		Skotbyrgi	Skotbyrgi	1944	357697	406364	4	3	Gott	Nei
5-196	Howitzer Hill	Örnefni	Heimild	1940	357705	406341				
5-243		Vegur	Vegur	1920	357741	406427	120	3	Gott	Nei
5-244		Sprengiskýli	Tóft	1940	357655	406449	7	6	Gott	Nei
5-679		Járnbrautar- teinar	Heimild	1913	357798	406560	185	2	Ómetið	Já
5-683		Útihús	Rúst	1925	357743	406471	6	5	Sæmilegt	Nei
5-684		Hús	Heimild	1930- 1933	357699	406491	12	4	Ómetið	Já
5-685		Undirstaða	Steinhleðsla	1940	357745	406499	1	1,2	Gott	Nei
5-686		Undirstaða	Steinhleðsla	1940	357721	406492	1	1,2	Gott	Nei
5-688		Skotgröf	Hola	1940	357747	406484	8	4	Gott	Nei

Minjakort



Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 160 Anna Lís Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmyri, Seljamýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjálarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjálarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðhólts*. Rvk. 2014.
- 169 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
- 170 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjálarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.
- 173 Anna Lís Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.
- 174 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.
- 175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur. Stakkahlíð, Háteigsvegur, Bólstaðarhlíð*. Rvk. 2016.
- 176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi*. Rvk. 2016.
- 177 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitur*. Rvk. 2016.
- 178 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*. Rvk. 2017.
- 180 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 181 María Gísladóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Borgartún 34-36. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Ellíðaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.
- 184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Hekluveitur. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.
- 185 Anna María Bogadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 186 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.
- 187 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*. Rvk. 2017.
- 188 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Rvk. 2018.
- 189 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegjar frá Leirvogsa að Hvalfirði*. Rvk. 2018.
- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneysarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjálarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Sofía Ingólfssdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Alma Sigurðardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellíðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.